

HAMPIÐJAN

VERSLUN

ALLT Á EINUM STAÐ

Ólafsbraut 19 - 436 1214 - www.voot.is

JÖKULL

1131. tbl - 24. árg.

17. október 2024



Ný Björg til heimahafnar



Sunnudagurinn 13. október var stór dagur á Snæfellsnesi en þá kom nýja björgunarskipið Björg í heimahöfn á Rífi. Björgunarbátasjóður Snæfellsness fékk bátinn afhentan á ráðstefnu viðbragðsaðila í Hörpunni daginn áður, voru þar 18 meðlimir Lífsbjargar viðstaddir afhendinguna og svo sigldu meðlimir björgunarsveitarinnar á bátum heim á sunnudeginum og fengu þá tækifæri til að kynna skipinu. Gamla Björgin sigldi á móti þeirri nýju og fylgdi henni til heimahafnar. Það var tilkomumikil aðkoman þegar bátarnir tveir sigldu í höfn saman, Slökkvilið Snæfellsbæjar hafði komið sér fyrir beggja megin við aðkomuna í höfnina og sprautaði sigurboga af vatni yfir skipið. Björgin sneri sér í nokkra hringi

í höfninni áður en henni var lagt við björgunarsstöðina Von. Þar blessaði Séra Ægir Örn Sveinsson skipið áður en haldið var inn í Von til frekari ræðuhalda. Þar fékk Halldór Kristinsson orðið fyrir hönd Björgunarbátasjóðs Snæfellsness og Björgunarsveitarinnar Lífsbjargar og hélt erindi um nýja skipið og mikilvægi þess að hafa slíkan bát á þessum slóðum, þar sem allt frá smábátum til farþegaskipa fara um. Skilaði hann miklu þakklæti til allra þeirra sem hafa styrkt verkefnið, hvort sem það væri með beinum innlögnum eða þátttöku í happaðrettinu. Kaup á nýju Björginni er kostnaðarsamt verkefni en í stóru samfélagi verða verkefni smá. Næst steig Borghildur Fjöla Kristjánsdóttir, formaður Landsbjargar, á svið,

óskaði hún öllum til hamingju með nýja skipið og fór nokkrum orðum um nýju Björgina. Þá komu fulltrúar sveitarfélaganna við Breiðafjörð upp, Kristinn Jónasson, bæjarstjóri Snæfellsbæjar, Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri Grundarfjarðarbæjar og Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, bæjarstjóri og hafnarstjóri Sveitarfélagsins Stykkishólms. Með þeim voru þau Björn Arnaldsson, hafnarstjóri Snæfellsbæjar, Hafsteinn Garðarsson, hafnarstjóri Grundarfjarðarbæjar og Júníana Björg Óttarsdóttir, formaður bæjararráðs Snæfellsbæjar. Fór Kristinn Jónasson fyrst með stutta ræðu um mikilvægi skipsins á svæðið, með því gefst aukinn kraftur til að verja líf og heilsu íbúa og gesta og kom hann til skila þökkum til þeirra sjálfbodaliða sem sinna þessum útköllum. Næst fékk Björg Ágústsdóttir orðið og færði hún Björgunarbátasjóði Snæfellsness 30 milljón króna styrk, í gegnum hafnarsjóði sveitarfélaganna. Að lokum fékk Ragnar Smári Guðmundsson orðið en það var hann sem átti frumkvæðið að söfnun fyrir skipinu á sínum tíma.

Björgunarbátasjóður Snæfellsness og Björgunarsveitin Lífsbjörg eru ævinlega þakklát fyrir þann samtakamátt sem verkefninu fylgir og hefur sést mikill samfélagslegur styrkur. Björgunarskip er tæki sem allir vilja hafa en enginn vill þurfa að nota, nýja björgunarskipið er mjög vel útbúið, því fylgir aukid öryggi fyrir sjófarendur, viðbragðstími styttest og auðveldara er að leysa úr ýmsum verkefnum með nýrri og bættri tækni. Þá hefur skipið einnig sannað sig sem fjarskiptagátt, bæði á sjó og landi. Að athöfninni lokinni buðu Slysavarnardeildirnar Helga Bárðardóttir og Sumargjöf upp á veitingar og gestum gafst tækifæri til að kíkja inn í Bjargirnar, nýju og gömlu. Björgunarsveitin Lífsbjörg vill þakka öllum sem veittu skipinu móttöku á sunnudaginn og fyrir þá sem hafa hug á að styrkja er reikningsnúmer og kennitala Björgunarbátasjóður Snæfellsness hér fyrir neðan.

Kennitala: 480399-3159

Reikningsnúmer: 0190-15-370480

SJ



Bifreiðaverkstæði Ægis.
Rífi. S-4366677

Betra fyrir bílinn

Kepti í HM í malarhjólreiðum



Þorsteinn Bárðarson kepti á heimsmeistaramóti í malarhjólreiðum í Belgíu sunnudaginn 6. október. Í maí kepti Þorsteinn í úrtökumóti fyrir þetta heimsmeistaramót sem fór fram í Skotlandi. Þar kláraði hann fyrstur í sínum flokki, flokki 45 til 49 ára karla, og var því gjaldgengur á mótið í Belgíu. Heimsmeistaramótið byrjaði í borg sem heitir Halle, var þaðan hjólað 183 km til austurs og endað í Leuven. Í flokki 45 til 49 ára

karla voru 240 hjólreiðakappar sem hófu keppni, Þorsteinn datt einu sinni og braut brúshaldarann en það hélt ekki aftur af honum og endaði hann í 60. sæti í sínum flokki á 5 klukkustundum, 35 mínútum og 6 sekúndum. Þorsteinn tók þátt í heimsmeistaramótinu í malarhjólreiðum á Ítalíu fyrir ári síðan og lenti þar í 46. sæti af 124 þrátt fyrir að hafa dottið tvisvar.

JS



Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímarpantanir í síma 436-1111

1x2 Getraunir

Fjölmennt var í Áttthagastofunni síðastliðinn laugardag í getraunakaffinu. Nokkrir skelltu sér í spádóminn og tippuðu nokkrar raðir. Misvel gekk að hitta á rétt úrslit og komust menn hæst í 10 rétt af 13. Var það samdóma álit að nokkuð erfitt væri að tippa á úr-

slit leikjanna, enda mörg óþekkt lið að spila! Núna er nýr laugardagur framundan og við mætum klukkan 11.00 og verðum til 12.00. Allir velkomnir, kaffi á könnunni.

Áfram Víkingur.



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



Vertíðinni lokið



Síðasta skemmtiferðaskip sumarsins kom til Grundarfjarðar 28. september en það var skipið Hamburg. Skipið kom til Íslands til þess að stoppa í Reykjavík og í Grundarfirði en fönni var svo heitið til Grænlands. 408 farþegar komu með Hamburg til Grundarfjarðar en í heildina voru tæp-

lega 600 manns með í för. Í sumar komu 34 skemmtiferðaskip en mörg komu oftar en einu sinni. Skipakomur yfir árið voru 68 í heildina og voru farþegar þeirra tæplega 65.000 en það er talsverð fjölgun frá því í fyrra. Árið 2023 voru skipakomur 64 og heildarfjöldi farþega um 57.500.

JS

Ævintýrabókin brátt í sýningu

Nú standa yfir stífar æfingar hjá meðlimum Leikfélagsins Laugu, áhugamanna leikfélagi sem er starfrækt í Snæfellsbæ. Leikfélagið setur upp sýninguna Ævintýrabókina eftir Pétur Eggerz undir leikstjórn Alexanders Stutz. Leikritið fjallar um úlfinn í ævintýrinu um Rauðhettu og úlfinum en hann strýkur úr ævintýrinu og fer yfir í önnur ævintýri, þar með talið Öskubusku og Stígvélaða köttinn svo eitthvað sé nefnt. Fyrsti leiklestur fór fram í Áttahagastofu Snæfellsbæjar í lok júní og síðan þá hafa allir sem að leikritinu koma unnið hörðum höndum við að gera uppsetninguna að veruleika. Fjölmarginir meðlimir félagsins koma að verkinu en þetta er stærsti leikhópur sem leikfélag í Snæfellsbæ hefur haft, í heildina eru 20 leikarar með hlutverk í leikritinu, þar af þrjár ungar leikkonur sem ganga í Grunnskóla Snæfellsbæjar. Þetta í fyrsta sinn sem börn taka þátt í uppsetningu hjá Leikfélaginu Laugu og sömuleiðis í fyrsta sinn sem leikfélagið setur upp barnaleikrit en Ævintýrabókin er ætluð fyrir alla aldurshópa, unga sem aldna. Í fyrra setti leikfélagið upp morðgátuleikritið Bréf frá Önnu sem sló í gegn og þar áður kitluðu þau hláturtaugarnar



Meðfylgjandi mynd má sjá leikara Leikfélagsins Laugu ásamt Alexander Stutz, leikstjóra (fyrir miðju krjúpandi á hné) og Anitu Jakircevic dansara (í efri röð lengst til hægri)

með uppsetningu á verkinu Sex í sama rúmi. Í ár sýna þau enn hve fjölbætt þau eru með uppsetningu á Ævintýrabókinni og segir Guðmundur Jensson, formaður Leikfélagsins Laugu þetta vera bráðfyndið og skemmtilegt leikrit sem muni slá í gegn. Frumsýning verður á verkinu í félagsheimilinu Klifi í Ólafsvík mánudaginn 28. október en einnig verð sýn-

ingur 30. og 31. október og 2. og 3. nóvember. Nánari upplýsingar

má finna á Facebook og Instagram síðum félagsins.

SJ



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
lögiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Jól í skókassa



Móttaka á skökösum 2024 verður

í Safnaðarheimili Grundarfjarðarkirkju

fimmtudaginn 31. október

frá kl. 16:00 – 18:00

Eigum skókassa, merkimiða, umslög og teygjur

Hægt er að finna allar upplýsingar um verkefnið á heimasíðu KFUM & KFUK

kfum.is/skokassar/



Aðrar upplýsingar gefa :

Anna Husgaard Andreasen, Fellasneið 2, ☎ 663-0159
Salbjörg Nóadóttir, Sæból 22 ☎ 896-6650



Jól í skókassa

MÓTTAKA SKÓKASSA Í SNÆFELLSBÆ FER FRAM

KL. 13.00 - 15.00
LAUGARDAGINN 2. NÓVEMBER

Í ÁTTHAGASTOFU SNÆFELLSBÆJAR

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á VEFSDU KFUM OG KFUK
WWW.KFUM.IS/SKOKASSAR

AÐRAR UPPLÝSINGAR GEFUR
SIGURBJÖRG JÓHANNESDÓTTIR S. 843-0992



Söngur og gleði í kirkjuskólanum

Kirkjuskóli barnanna hófst í síðustu viku og eru það þau Séra Laufey Brá Jónsdóttir, sóknarprestur í Setbergsprestakalli og Séra Ægir Örn Sveinsson, sóknarprestur í Ólafsvík- og Ingjaldshólsprestakalli sem munu sjá um kirkjuskólann í sameiningu í vetur. Verða þau á miðvikudögum í Grundarfirði og fimmtudögum í Snæfellsbæ. Mikil gleði er á meðal barnanna á meðan sungið er, leikið og hlustað á sögur en Kirkjuskólinn fer fram í safnaðarheimili Grundarfjarðarkirkju og safnaðarheimili Ingjaldshólskirkju nú fyrir áramót. Eftir áramót verða stundirnar í Snæfellsbæ færðar yfir í safnaðarheimili Ólafsvíkurkirkju.

SJ



Brynjar Kristmunds framlengir til 2026



Meistaradeild Vikings hefur endurnýjað samning sinn við þjálfara liðsins, Brynjar Kristmundsson. Brynjar hefur þjálfað liðið síðustu tvö ár með góðum árangri en eftir sumarið var liðið í fjórða sæti 2. deildar Íslandsmeistaramóts KSÍ, aðeins einu stigi frá því að fara upp í Lengju-deildina. Samningurinn sem Víkingur og Brynjar skrifuðu undir var þess efnis að Brynjar muni

þjálfra Víking næstu tvö árin eða til ársins 2026. Í tilkynningu frá liðinu segir það vera mikið gleðiefni að Brynjar hafi ákveðið að halda kyrru fyrir í Ólafsvík og að spennandi verði að fylgjast með framþróun liðsins. Á meðfylgjandi eru Jóhann Pétursson, framkvæmdarstjóri Vikings og Brynjar Kristmundsson.

SJ



Dalbrekka í Ólafsvík

lýsing og matslýsing vegna fyrirhugaðra breytinga aðalskipulags og nýs deiliskipulags

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar samþykkti lýsingu og matslýsingu á fundi sínum þann 1. október 2024 vegna breytingar á aðalskipulagi Snæfellsbæjar og gerðar nýs deiliskipulags í Dalbrekku í Ólafsvík.

Fyrirhugað er nýtt íbúðasvæði og breytingar á athafnasvæði og íþróttasvæði. Svæðið sem breyting aðalskipulags nær til er um 12,6 ha landsvæði. Þar er gert ráð fyrir að athafnasvæði AT-2 minnki og AT-3 stækki, íþróttasvæði ÍB-3 minnki og að innan nýs íbúðarsvæði ÍB-5 verði blönduð íbúðabyggð.

Hér með eru lýsing og matslýsing vegna breytingar aðalskipulags og nýs deiliskipulags kynntar í samræmi við 30. og 40. gr skipulagslaga nr. 123/2010.

Umsagnaraðilum og þeim sem eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir og/eða umsagnir vegna lýsinganna frá 9. október til og með 1. nóvember 2024.

Hægt er að skoða lýsingu og matslýsingu á skipulagsgátt Skipulagsstofnunar undir málnúmerum 1200/2024 fyrir aðalskipulagsbreytingu og 1202/2024 fyrir nýtt deiliskipulag. Athugasemdir skulu vera skriflegar og berast inn á www.skipulagsgatt.is undir sömu málnúmerum.

SKODA SUPERB STYLE - TIL SÖLU



Verð 4.980.000,-
Upplýsingar í síma 893 5443

- Nýskráður 02/2020
- Ekinn 120.000
- Næsta skoðun 2026
- Dísel - 191 hestaf
- Fjór hjóladrífinn
- Leður

- Rough road pakki
- (hækkaður um 15mm og aukin vörn á undirvagni)
- Sjálfskipting 7 girar
- Niðurfellanlegt dráttarbeisli
- Adaptive cruise control

- LED aðalljós
- Sjálfvirk há/lág aðalljós
- Rafdrifð lok farangursrýmis
- Rafdrifin framsæti með hita
- Lykillaus aðgengi
- Lykillaus ræsing

- Fjarlægðarskynjarar aftan og framan
- Bakkmyndavél
- ISOFIX festingar í aftursætum
- og margt fleira

Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana 2025

Hafin er vinna við gerð fjárhagsáætlunar Snæfellsbæjar fyrir árið 2025

Hér með er auglýst eftir umsóknum um styrki.

Þeir sem vilja koma með styrkumsókn er varða næsta fjárhagsár Snæfellsbæjar eru hvattir til að skila þeim á bæjarskrifstofuna til bæjarritara **fyrir 1. nóvember 2024**.

Félagasamtök sem fengu styrki á árinu 2024 þurfa að **senda inn ársreikning** með áframhaldandi styrkbeiðni.

Athugið að engir styrkir fást greiddir nema um þá sé sótt og bæjarstjórn samþykki þá.



Bæjarritari

Aðalfundur

D

Aðalfundur fulltrúaráðs Sjálfstæðisfélaganna í Snæfellsbæ

Aðalfundur fulltrúaráðs
sjálfstæðisfélaganna í Snæfellsbæ
verður haldinn á REKS
fimmtudaginn 24. október 2024 kl. 18.

Fundarefni:

- Venjuleg aðalfundarstörf

Stjórn Fulltrúaráðs
Sjálfstæðisfélaganna í Snæfellsbæ

Unnu 17 af 24 tefldum skákum

Fyrri hluti Íslandsmóts skákfélaga fór fram helgina 4. til 6. október í Rimaskóla. Taflfélag Snæfellsbæjar átti lið í 4. deild sem var skipað af Sigurði Scheving, Birgi Leóssyni, Hrafni Arnarsyni, Gunnari Sigurðssyni, Viðari Traustasyni, Magnúsi Andræssyni og Stefáni Karvel Kjartanssyni, ungum dreng frá Stykkishólmi. Liðið vann samanlagt 17 skákir af 24 spiluðum enda með öflugt lið. Í 4. deildinni keppa 28 lið

og situr Taflfélag Snæfellsbæjar í 5. sæti eftir fyrri hluta mótsins, einungis þremur sigrum frá efsta sætinu. Segir Sigurður Scheving ekki hafa átt von á þessum árangri á mótinu en að það hafi þó komið skemmtilega á óvart. Síðari hluti mótsins fer fram 27. febrúar til 2. mars 2025. Meðfylgjandi mynd er af liði Taflfélags Snæfellsness á mótinu en á myndina vantar Birgi Leósson.

SJ



Kynningarfundur um breytingar í Ólafsvík



Opinn kynningarfundur vegna breytinga á aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 og nýs deiliskipulags austast í Ólafsvík var haldinn fimmtudaginn 10. október síðastliðinn. Tæplega tuttugu manns mættu á fundinn en Gunnþóra Guðmundsdóttir frá Urban Arkitektar kynnti verkefnið. Fyrirhugað er nýtt íbúðarsvæði og breytingar á athafnasvæði og íþróttasvæði. Svæðið sem breyting á aðalskipulagi nær til er um 12,6 hektara landsvæði. Gert er ráð fyrir að athafnasvæði stækki, íþróttasvæði minnki og að innan nýs íbúðarsvæðis verði blönduð íbúðabygð. Umsagnaradilum og þeir sem hafa hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingarnar til 1. nóvember og er það gert í gegnum skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.

JJ



Sædís Rún í úrslitum í norska bikarnum

Ólsarinn Sædís Rún Heiðarsdóttir og liðsfélagar hennar sigruðu á dögunum liðið Brann 3-1 í undanúrslitum í norsku bikarkeppninni og eru því komnar í úrslit. Sædís skrifaði í lok síðasta árs undir samning við norska fótboltafélagið Vålerenga en samningurinn gildir til 2026. Sædís var í byrjunarliði Vålerenga í leiknum og spilaði 75 mínútur af sigrinum. Úrslitaleikur bikarsins fer fram 24. nóvember þegar liðið tekur á móti Rosenborg. Áður en sá leikur fer fram mun Sædís leika með íslenska landsliðinu en hún var fyrir stuttu valin í landsliðshóp sem mætir Ólympíumeisturum Bandaríkjanna í vináttuleikjum í Austin og Nashville þann 23. og 27. október næstkomandi.

JJ



Jógatími fyrir krabbameinsgreinda

Krabbameinsfélag Snæfellsness býður krabbameinsgreindum á Snæfellsnesi í mjúkt jógaflæði og slökun 22. október kl. 18:15 í Crossfit stöðinni á Rífi

Skráning fer fram hjá Gunnhildi K. Hafsteinsdóttur jógakennara í síma 899-1180 eða í gegnum messenger.



Nesball eldri borgara í Klifi

Nesballið fór fram í félagsheimilinu í Klifi föstudagskvöldið 4. október síðastliðið. Á Nesballinu koma íbúar á Snæfellsnesi, 60 ára og eldri, saman árlega og skemmta sér vel yfir borðhaldi og dansi. Í ár var skemmtunin haldin í Ólafsvík en sveitarfélögin skiptast á að halda viðburðinn á milli ára. Vel var mætt á skemmtunina og sáu Lionsklúbbur Ólafsvíkur, Lionsklúbburinn Rán og Kvenfélagið á Hellissandi um matreiðslu, framreiðslu og frágang. Að borðhaldi loknu voru skemmtiatriði frá Félagi eldri borgara í Snæfells-



bæ og hljómsveitin Mínir menn hélt svo uppi stuðinu á dansgólfinu fram eftir kvöldi.

SJ

Fundur með Vöndu Sig.



Priðjudaginn 8. október stóðu Grunnskóli Snæfellsbæjar og foreldrafélög skólans fyrir fundi í félagsheimilinu Klifi í Ólafsvík um samskipti og einelti. Um 160 manns mættu á fundinn en í skólanum eru 221 nemandi og því mikil ánægja með góða mætingu. Vanda Sigurgeirsdóttir frá KVAN var fyrirlesari kvöldsins og fjallaði hún um samskipti í víðum skilningi, mikilvægi góðra fyrirmýnda, einkenni sterkra og veikra hópa og mikilvægi samskipta foreldra og góðs foreldrasamstarfs. Grunnskóli Snæfellsbæjar leggur áherslu á að efla skólabrag á þessu skólaári með því að vinna með einkunnarorð skólans, sjálfstæði, metnaður og samkennd. Þetta verkefni fer skólinn í með aðstoð KVAN en á skólaárinu situr starfsfólk námskeiðið Verkfærakistan. Með því hlýtur starfsfólk skólans verkfæri til að stuðla að bættum bekkjaranda, styrkingu hópa, auka samkennd og samvinnu, bæta félagsfærni, vinnuáttu og leiðtogaferni auk annarra aðferða til að aðstoða börn í félagslegum vanda. Með þessum verkfærum má vinna

gegn einelti og annarri neikvæðri hegðun, ásamt því að bæta líðan og farsæld barnanna í skólanum. Að námskeiðinu loknu ættu þátttakendur að hafa öðlast verkfæri til að bera kennsl á og vinna með einstaklinga sem eiga í félagslegum vanda annars vegar og hópa sem glíma við samskiptavanda hins vegar. Mikil ánægja var með fundinn enda alltaf þörf fræðsla, bæði fyrir starfsfólk, foreldra og nemendur.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður



Sími: 430 3700
www.fmis.is



TAKTU DAGINN FRÁ!

KRABBAMEINSFÉLAG SNÆFELLSNESS
BYÐUR TIL SAMVERU OG VIÐBURÐAR

23.OKTÓBER KL.20:00 Í SÖGUMIÐSTÖÐINI Í GRUNÐARFIRÐI

DAGSKRÁ:

- Stutt lýsing á starfsemi og viðburðum framundan hjá félaginu
- Guðrún Hrönn Hjartardóttir verður með frásögn sem aðstandandi
- Mæðginin Pétur Steinar Jóhannsson og Júníana Björg Óttarsdóttir segja frá sinni reynslu af krabbameini
- Móttaka styrks og þakklætis afhendingar
- Opíð spjall við stjórnarfolk ásamt kaffi og meðlæti

Við hlökkum til að sjá ykkur sem flest. Verið hjartanlega velkomin í spjall, kaffi og meðlæti.

SAMAN ERUM VIÐ
STERKARI






Við hönnum og framleiðum öryggis- og vinnufatnað undir merkjum Mar Wear.

Við þekkjum íslenskar aðstæður vel og tökum mið af þeim í allri hönnun á Mar Wear fatnaði.

Boðið er upp á öryggis- og vinnufatnað fyrir m.a sjómenn, matvælavinnslur, bændur og iðanarmenn.



Ægir vinnusamfestingur

Öflugur vinnusamfestingur sem hentar t.d vel fyrir verkstæðisvinnu og landbúnað.



Ægir loðfóðraður kuldagalli

Vatnsheldur klassískur kuldagalli á flottu verði!
Polir allt að 30 gráðu frost .



Ægir vatnsheldur jakki

Léttur og lipur regnjakki fær í ýmis konar verkefni.



Ægir regnsett (stakkur & buxur)

Klassískt, létt og sterkt regnsett.
Flott vara á flottu verði.



Mar Wear hanskar fyrir vinnandi hendur!

Öflugir vinnuhanskar í úrvali.



Ægir vatnsheldar mittisbuxur

Viðsnúanlegar regnbuxur.
Styrking á skálmum og klofi. Stillanleg axlabönd.